



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. október 2012

**Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um dómstóla, lögum um meðferð sakamála og lögum um meðferð einkamála (endurupptökunefnd), 141. löggjafarþing 2012 -2013. Þingskjal nr. 12 – 12. mál.**

Mannréttindaskrifstofu Íslands hefur borist til umsagnar ofangreint frumvarp um endurupptökunefnd. Markið frumvarpsins er að innleiða nýtt fyrirkomulag við mat á beiðnum um endurupptöku mála, hvort sem um ræðir mál sem aðeins hafa verið dæmd í héraðsdómi eða sem dæmd hafa verið í Hæstarétti.

MRSÍ fagnar frumvarpinu og telur að með því verði gerð réttarbót hvað varðar þessi mál. Þannig verði tryggt að ákvarðanir um endurupptöku verði teknar af aðila sem ekki hefur komið að málinu á nokkurn hátt á fyrri stigum og er því hlutlaus í afstöðu sinni. Er þetta til þess fallið að styrkja traust almennings á dómstólunum.

Í 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu segir að; „þegar kveða skal á um réttindi og skyldur manns að einkamálarétti eða um sök, sem hann er borinn um refsivert brot, skal hann eiga rétt til réttlátrar og opinberrar málsmeðferðar innan hæfilegs tíma fyrir sjálfstæðum og **óvilhöllum** dómstóli“.

Þrátt fyrir að ákvæðið nefni ekki sérstaklega endurupptöku dómsmála má gera ráð fyrir að það eigi ávallt við í samskiptum borgaranna við dómstólana. Þegar metið er hvort að dómara séu óvilhallir í störfum sínum er meðal annars litið til þess hvort að dómari hafi áður komið að máli með einhverjum hætti. Það sem hefur verið talið ráða úrslitum í því mati hjá Mannréttindadómstól Evrópu er umfang og eðli þeirra ákvarðana sem um ræðir hverju sinni. Hefur dómstóllinn ekki talið að það geti haft áhrif á dómara og meðferð hans á fyrri stigum ef að hann hefur ekki tekið afstöðu til sekt eða sýknu ákærða. Í málum sem varða endurupptöku hefur það verið venjan líkt og kemur fram í greinagerð með frumvarpinu að ákveðinn fjöldi dómara hjá Hæstarétti taki afstöðu, þá hefur það komið fyrir að sami/sömu dómara sem dæmdu í málinu fyrir Hæstarétti hafi einnig komið að ákvörðun um endurupptöku. Verður ekki séð að þannig sé þess gætt nægilega að dómara séu óhlutdrægir í ákvörðunum sínum og því yrði það mikil réttarbót að setja á fót sérstaka nefnd til að taka ákvarðanir um endurupptöku dómsmála.

Virðingarfyllt,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

-----  
Jóna Aðalheiður Pálmadóttir, lögfræðingur